



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI ÍSLANDS HEIMSÆKIR FÆREYJAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og frú Eliza Reid halda í heimsókn til Færeyja mánudaginn 15. maí næstkomandi. Í heimsókninni mun forseti eiga fundi með færeyskum ráðamönnum, skoða skóla og vinnustaði, halda fyrirlestur við háskóla Færeyja og efla kynni við Færeyinga með ýmsum hætti. Með í för verða utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, og frú Ágústa Johnson, kona hans, auk embættismanna.

Í upphafi heimsóknarinnar á forseti fund með Aksel V. Johannesen, lögmanni Færeyja. Þá skoðar forseti minjasafn í Miðvogi, fiskvinnslustöð á Vogey og þiggur kvöldverð í boði bæjarstjóra Sörvágs.

Á þriðjudaginn mun forseti flytja fyrirlestur í boði háskólans í Þórshöfn, Fróðskaparseturs Færeyja, og fjallar þar um landhelgisdeilur þjóðanna við grannþjóðir á liðinni öld og málefni hafsins í samtímanum. Þann dag skoðar forseti einnig gallerí og listasafn og heimsækir Nólsey skammt frá Þórshöfn.

Á miðvikudegi mun forseti eiga fund með forsvarsmönnum SEV, orkuveitu Færeyja. Stjórnendur hennar hafa sett sér áhugaverð markmið um umhverfisvæna orku, sem byggir öðru fremur á vindmyllum, enda er vatnsorka af mjög skornum skammti í landinu. Forseti mun eiga fund með ráðherrum Færeyja og heimsækja Lögþingið auk þess að fræðast um bókmenntastarf Færeyinga í húsi Williams Heinesens, hins ástsæla sagnaskálds. Þennan dag býður lögmaður Færeyja forsetahjónum til hátíðarkvöldverðar í Þórshöfn.

Lokadag heimsóknarinnar verður haldið til Klakksvíkur þar sem forseti skoðar sögufræga kirkju og heimsækir tvö fyrirtæki, Look North og Bakkafrost. Look North er fyrirtæki á sviði plastframleiðslu en Bakkafrost hefur verið leiðandi á sviði laxeldis í Færeyjum. Hjá Bakkafrosti mun forseti fræðast bæði um hinn mikla markaðsárangur fyrirtækisins og jafnframt með hvaða hætti það tekst á við umhverfisvandamál. Í Klakksvík þiggja gestirnir hádegisverðarboð bæjarstjórnar áður en haldið er til Þórshafnar þar sem forseti býður gestum til móttöku, bæði fulltrúum Íslendinga í Færeyjum, gestgjöfum og fulltrúum stjórnvalda.

*11. maí 2017*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*